

Aðalfundur 16. Nóvember 2024.

Mættir: Þórður Jónsson, Pétur Emil Júlíus Gunnlaugsson, Davíð Garðarsson, Sigríður Pálsdóttir, Ólafur Hauksson, Árdís Fanney Jónsdóttir, Martina Stefani, Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, Jón Valgeir Kristensen, Bjarni Sigurðsson, Steinar Gíslason, Elísabet Ólafsdóttir, Árni Árnason, Birkir Magnússon, Jóhann Helgason, Smári Birkisson

Aðalfundarstörf:

Bjarni formaður setti fund kl. 17:43 og stakk upp á Þórði Jónssyni sem fundarstjóra og Sirrý sem fundarritara.

1. Skýrsla stjórnar. 115 félagar sem borga í félagið. Fyrsti hittingur var með fornbílaklúbbnum. 38“ ferðin átti að vera inn í Sultarfit en varð í Landmannalaugar. Þórsmerkurferðin var á sínum stað og endaði á Velli þar sem Pétur grillaði. Sumarhátíðin var í Hegranesi og var þar mikið rok. Haustferðin var í september og endað var á Fjallabaki syðra. Reyna átti að klára heimasíðuna en ekki var tími til þess.
2. Skýrsla gjaldkera, Endurskoðaðir reikningar lagðir fram sjá fylgiskjal. Stærsti liður útgjalda var sumarhátíðin og einnig var gert við grillið. Hagnaður var á árinu og á félagið orðið of mikið af peningum. Framlagðir reikningar voru samþykktir.
3. Skýrslur nefndar, Fatanefnd er að vinna í því að fá skýrtur o.fl. fyrir sumarhátíð
4. Lagabreytingar og tillögur engar tillögur eða lagabreytingar
5. Kjör stjórnar: Allir nema einn gefa kost á sér áfram og vantar því einn í stjórn. Auglýst var eftir framboðum og Árna Árnason bauð sig fram og var kosinn samhljóða. Í stjórn verða því næsta árið Bjarni Sigurðsson, Jón Valgeir Kristensen, Davíð Garðarsson, Pétur Emil Júlíus Gunnlaugsson, Hrannar Ingi Óttarsson og Árni Árnason.
6. Önnur mál.
Dassi ræddi um að ekki mikið um endurnýjun í klúbbnum. Hvað eigum við að gera með klúbbinn eigum við að leggja hann niður eða eigum við að halda þessu áfram? Höldum áfram amk. ár í viðbót.
Lítill þátttaka á aðalfund og lítill áhugi á stjórnarstarfi. Spurning hvort það kæmu fleiri ef fundurinn væri í byrjun október eins og lögin kveða á um. Margir klúbbar eru að gefa upp öndina og erfitt að fá yngra fólk til að taka þátt. Sæmileg þátttaka er samt enn í Þórsmerkurferð, haustferð og á sumarhátíð.
BL hefur haft samband við Bjarna um að fara fyrir einni Land Rover ferð fyrir þá.
Martina kom með tillögu um að hægt væri að hafa skúravöld hjá Eðalbílum.
Tillaga frá Dassa að fara svona Gentleman ride. Klæða sig upp og keyra smá rúnt t.d. á Höfuðborgarsvæðinu.
Spurt var hvar væri búið að festa stað fyrir sumarhátíð og er búið að ræða við staðarhaldara í Djúpadal í Reykhólasveit. Stjórnin ætlar að ítreka þá skráningu.
7. Fundi slitið kl. 18:14

